

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/184
komudagur 19.11.2003

HAPPRÆTTI



SÍÐUMÚLA 6 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 552-2150 • FAX 562-9150 • NETFANG: sibs@sibs.is

Reykjavík, 17.11.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn frá Happraætti SÍBS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Happraætti Háskóla Íslands nr. 13, 13. apríl, 1973.

Stjórn Happraættis SÍBS telur eðlilegt að starfsleyfi Happraættis Háskóla Íslands (HHÍ) verði framlengt til 15 ára. Slík tímamörk auðvelda gerð viðskipta- og rekstraráætlana og endurnýjunar tæknibúnaðar til nokkurra ára í senn.


Hins vegar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við einkaleyfi happraættis Háskóla Íslands til að reka peningahappraætti hér á landi og færð eru fram eftirfarandi rök:

- Einkaleyfi HHÍ er upphaflega frá árinu 1934 og hefur e.t.v. átt rétt á sér á þeim tíma, en síðan hefur margt breyst í viðskiptaháttum. M.a. eru peninga- og kortaviðskipti komin í stað reikningsviðskipta sem þá tíðkuðust.
- Í álit Samkeppnisráðs nr. 4/2000 gefur einkaleyfið HHÍ „*samkeppnislegt forskot gagnvart vöruhappraættunum og torveldar frjálsa samkeppni á markaðnum*” Samkeppnisráð kemst að þeirri niðurstöðu að einkaleyfið fari gegn markmiðum samkeppnislaga og hefur beint þeim tilmælum til dómsmálaráðherra „*að einkaleyfi HHÍ til að reka peningahappraætti verði numið úr gildi og hinum flokkahappraættunum verði veitt leyfi til þess að greiða út vinninga í peningum.*” Þetta frumvarp gengur þvert á þessi tilmæli.
- Leitað hefur verið álits lögmannsþjónustunnar LOGOS á ofangreindu einkaleyfi og samrýmanleika þess við ákvæði EES samningsins. Samkvæmt því álit bendir dómaframkvæmd Evrópudómstólsins til að einkaleyfið standist ekki ákvæði EES samningsins að því er varðar 31. og 36. gr. hans um staðfesturétt og frjálsa þjónustustarfsemi. Þá eru nýsett lög í Noregi, þar sem veitt var einkaleyfi til að reka spilakassa, til athugunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, þar sem kannað verður hvort þau lög standist ákvæði EES samningsins.
- Einkaleyfið hefur ekki virkað í raun nema gagnvart Happraætti SÍBS og Happraætti DAS. Fjöldmörg happraætti og peningaleikir eru hérlendis sem greiða vinninga út í peningum átölulaust, þrátt fyrir einkaleyfið. Má þar nefna Íslenska getspá, Íslenskar gettraunir og Íslenska söfnunarkassa, en þessi fyrirtæki velta milljörðum eða um tífalt meira en ofangreind happraætti. Þá eru ótaldir ýmsir leikir og smáhappraætti sem einkaaðilar standa að þar sem hægt er að vinna milljón eða meira í hverjum stað.

- Um 70% af tekjum Happraættis SÍBS koma nú með greiðslum gegn um kreditkort. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hefur ekki fengist leyfi til að leggja smærri vinninga til baka inn á þessa reikninga, sem þó eru að mestu leyti vörureikningar og hefur ákvæðum einkaleyfisins verið borið við.
- Send hafa verið mörg erindi til dómsmálaráðherra og forsætisráðherra með beiðnum um rýmkun á viðskiptaumhverfi Happraættis SÍBS, en úrlausn þeirra hefur jafnan strandað á einkaleyfi HHÍ. Þá voru lögð fram frumvörp um málefni happraættis SÍBS og DAS á Alþingi 1998/99, en fengust ekki afgreidd, vegna gildandi einkaleyfis HHÍ. Við afgreiðslu þeirra taldi allsherjarnefnd eðlilegt að happraættismarkaðurinn í heild yrði tekinn til endurskoðunar og sett ein heildarlög um happraætti. Því var vísað til ríkisstjórnarinnar en þaðan hefur ekkert heyrst um málið fyrr en þetta frumvarp kemur hér fram.
- Happraætti SÍBS hefur frá upphafi þess fyrir 54 árum verið hornsteinn allra framkvæmda á Reykjalundi og Múlalundi auk þess að styrkja marvísleg líknaorstörf sem SÍBS hefur komið að. Þannig hefur happraættið allan þennan tíma unnið að verkefnum í þágu heilbrigðisyfirvalda og almennings til að bæta heilsufar landsmanna. Það skýtur því skökku við að þurfa að sæta mismunun af hálfu stjórnvalda af þessu tagi, sem hlýtur að draga úr getu happraættisins til að styðja þessi mannúðarstörf. Ef svo fer fram sem horfir og ekki fást breytingar til nútímalegra starfshátta mun draga verulega úr getu happraættisins til að sinna hlutverki sínu á næstu árum.

Með vísan til ofangreindra raka er ekki mælt með framlengingu einkaleyfis Happraættis Háskóla Íslands til peningahappraættis skv. frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
F.h. Happraættis SÍBS


Pétur Bjarnason
framkvæmdastjóri